

Reykjavík 19. desember 2012

Úrskurður 8/2011

Kærandi: Ö

Kærufni: Kærður er úrskurður Tollstjóra nr. 19/2011 END um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna ófullnægjandi gagna um sönnun á uppruna vöru.

Með bréfi, dags. 31. október 2011 framsendi Tollstjóri ríkistollanefnd kæru Ö, vegna úrskurðar Tollstjóra nr. 19/2011 END, en kæran hafði ranglega verið send embætti Tollstjóra. Hin framsenda kæra barst nefndinni hinn 2. nóvember 2011. Tollstjóri sendi Ö jafnframt afrit af tilvitnuðu bréfi embættisins um framsendingu kærunnar.

Í hinum kærða úrskurði nr. 19/2011 endurákvörðaði Tollstjóri aðflutningsgjöld af nánar tilgreindum sjö vörusendingum, sem Ö hafði fengið tollafgreiddar í SMT-tollafgreiðslu. Ö kærir endurákvörðun á tveimur þessara sendinga, þ.e.a.s. sendingu nr. X og sendingu nr. Z. Fyrirnefndu sendingunni hafði Tollstjóri synjað um tollfríðindameðferð vegna ófullnægjandi EUR-upprunasönnunar. Síðarnefndu sendingunni synjaði Tollstjóri á sama hátt um tollfríðindameðferð vegna þess að hvorki Eur-yfirlýsing né Eur1 skírteini, er staðfestu uppruna vörunnar, var að finna í gögnum, sem framvísað hafði verið hjá Tollstjóra. Kærinni fylgdu á hinn bóginn EUR 1 skírteini vegna þessara tveggja sendinga, bæði gefin út við útflutning hennar, og er þess farið á leit að tekið verði tillit til þeirra við útreikning aðflutningsgjalda.

I.

Með bréfi til Ö, dags. 24. ágúst 2011 og með málsnúmerinu X, tilkynnti embætti Tollstjóra fyrirtækinu að til þess gæti komið að aðflutningsgjöld verði endurákvörðuð af nánar tilgreindum tólf vörusendingum sem fyrirtækið hafði fengið tollafgreiddar. Í bréfinu rakti Tollstjóri ástæður hinnar hugsanlegu endurákvörðunar og lutu þær annars vegar að meintri rangri tollflokkingun eða röngum upplýsingum um þyngd vöru úr umræddum sendingum og hins vegar að því að formkröfur vegna tollfríðindameðferðar hafi ekki verið uppfylltar. Kæranda var veittur frestur til andmæla til 8. september 2011. Innflytjandi óskaði eftir og fékk viðbótarfrest til 15. sama mánaðar til að skila andmælum og gögnum. Fresturinn var síðan framlengdur til 28. sama mánaðar og aftur til 7. október s.á.

Að fengnum andmælum kæranda og nýjum gögnum frá honum kvað Tollstjóri upp úrskurð í málinu hinn 20. október 2011 og er hann nr. 19/2011. Í úrskurðinum er fallið frá endurákvörðun í fjórum málum en aðflutningsgjöldin af sjö umræddum sendingum eru endurákvörðuð í samræmi við 111. gr. tolllaga nr. 88/2005 eins og nánari grein er gerð fyrir í úrskurðinum. Kærandi sættir sig ekki við endurákvörðun aðflutningsgjalda af tveimur þessara sjö sendinga, sem endurákvörðunin lýtur að. Með hliðsjón af því verður hér einungis gerð

grein fyrir útreikningi og rökum Tollstjóra vegna endurákvörðunar þessara tveggja sendinga, sem kæran tekur til. Þær eru:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur:
X	09.09.09
Z	05.10.09

Í hinum kærða úrskurði er endurákvörðun aðflutningsgjalda af ofangreindum sendingum rökstudd með svofelldum hætti:

„X

Í þessari sendingu er fríðindameðferð notuð vegna vöru frá Belgíu (BE). Á þeim vörureikningi sem framvísað er til embættisins, vörureikningur frá Smet nr.VF-92170/888196 dags. 23.09.2009 sem lagður var til grundvallar tollafgreiðslu, er eur-yfirlýsing ófullnægjandi, einnig eru afhendingarskilmálar rangir, og röng tollflokun á white shavings 2kg (vr.schw2-B) verðmæti 228,60.

Telur embættið því að ekki hafi verið rétt að nota tollfríðindameðferð á vörunr. LC107*16 þar sem ekki er vélritað nafn þess sem undirritað eur-yfirlýsinguna og engin dagsetning. Tollflokka white shavings (hvítt súkkulaði) í tollskrárnúmer 1704-9009 og réttir afhendingarskilmálar samkvæmt vörureikning er Ex-Works Malle/Belgíum.

Í 0 tolli af tollskrárnúmeri 1806-9039 felst 0% almennur tollur en í A tolli af sama tollskrárnúmeri felst 20% almennur tollur (A) tollskrárnúmer 1704-9009 mun reiknast 20% tollur (A) 7% virðisaukaskattur (Ö3) 3 og 7 kr úrvinnslugjöld (BV, BX) 120kr kg. gjald (xA).

Z

Í þessari sendingu er fríðindameðferð notuð vegna vöru frá Belgíu (BE) á vörunúmer (2011) og afhendingarskilmálar skráðir Fob. Immingham. Skilyrði fyrir því að hægt sé að nota tollfríðindameðferð er að framvísa þarf Eur1 skírteini eða að eur-yfirlýsing sé á vörureikning þar sem uppruni vörunnar er tilgreindur. Slíka yfirlýsingu eða Eur1 skírteini er ekki að finna í þeim gögnum sem framvísað hefur verið til embættisins. Telur embættið því að ekki hafi verið rétt að nota tollfríðindameðferð á ofangreindri vöru og ber því að greiða A toll af allri sendingunni. Afhendingarskilmálar samkvæmt vörureikning er Exw. AB Werk Bonn.

Í B tolli af tollskrárnúmeri 1806-2009 felst 0% almennur tollur en í A tolli af sama tollskrárnúmeri felst 10% almennur tollur.“

Embætti Tollstjóra taldi að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu og því ákvað það að endurávarða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 111. gr. tollalaga nr. 88/2005 á þessa leið:

X		
Tollur (A)	kr	21.301
Úrvinnslugj (BV,BX)	kr	óbreytt
Vörugjald (XA)	kr.	óbreytt

Virðisaukask (Ö39)	kr	1.491
Dráttarv. (DRV)	kr	405
Samtals	kr	23.197

Z

Tollur (A)	kr	596.715
Úrvinnslugj.(BV,BX)	kr	óbreytt
Vörugjald (XA)	kr	óbreytt
Virðisaukask (Ö3)	kr	41.770
Dráttarv (DRV)	kr	11,386
Samtals	kr	649.871

Endurákvörðuð aðflutningsgjöld vegna þessara tveggja sendinga námu samkvæmt framansögðu samtals kr. 673.068.

II

Í kærinni, sem eins og áður segir var upphaflega ranglega beint að Tollstjóra, er þess krafist að ofangreindur úrskurður embættis hans verði felldur úr gildi. Í kærinni segir m.a. svo orðrétt:

„Með bréfi þessu viljum við kæra úrskurð Tollstjóra á tveimur tollskýrslum sem tollstjóri tilkynnti okkur í bréfi að við þyrftum að greiða aðflutningsgjöld á.

Hér eru eftirfarandi tollskýrslur:

X

Z

Ný gögn með skýrslu X er EUR 1. Skírteini E. Dagsett 28-09-2009 og stimplað af tollayfirvöldum. Einnig er afrit af reikningi.

Ný gögn með skýrslu Z er EUR 1. Skírteini A dagsett 21.09.2009 og stimplað af tollayfirvöldum. Einnig er afrit af reikningi.“

Að öðru leyti lýsti kærandi því yfir að hann væri samþykkur umræddum úrskurði Tollstjórans.

III.

Tollstjóra var send kæran til umsagnar með bréfi dags. 2. nóvember 2011. Í svari hans, sem barst nefndinni þann 1. desember s.á, segir m.a. að ágreiningur í málinu snúist um upphæð aðflutningsgjalda og gildi upprunasannana, sem kærandi hafi notað til að fá tollfríðinda-meðferð á innflutningi sínum. Þá er greint frá því að kæranda hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun málsins með bréfi embættisins dags. 24. ágúst 2011. Áður hafi verið kallað eftir gögnum til endurskoðunar tollafgreiðslu í samræmi við 30. og 111. gr. tollalaga með bréfi dags. 24. september 2010. Í tilkynningunni var tekið fram að um væri að ræða sendingar, sem Ö/D hafi flutt inn, en kærandi yfirtók rekstur félagsins D þann 4. febrúar 2009. Sendingarnar, sem hér um ræðir, hafi borist til landsins í september og október 2009, eða eftir að kærandi tók við rekstri félagsins D. Þá var tekið fram að kæranda hafi verið veitt leyfi til SMT-tollafgreiðslu þann 20. september 1994.

Þá tekur Tollstjóri fram að kæranda hafi verið veittur frestur til andmæla og skila á gögnum til 8. september 2011. Kærandi hafi beðið um og fengið viðbótarfrest til 15. september 2011, sem síðan hafi verið framlengdur á ný til 28. september 2011. Með tölvupósti frá 27. september 2011 hafi kærandi sent embætti Tollstjóra afrit af vörugjaldsskírteini nr. H með gildistíma frá 3. febrúar 2011 til 1. febrúar 2013. Þar sem sendingar, sem voru til endurskoðunar hafi verið frá árunum 2007-2010, óskaði Tollstjóri einnig eftir vörugjaldsskírteini, sem í gildi var þegar sendingarnar voru tollafgreiddar. Viðbótarfrestur var af þessum sökum veittur til 7. október 2011. Þann 6. október 2011 barst Tollstjóra vörugjaldsskírteini nr. H með gildistíma frá 7. febrúar 2008 til og með 1. febrúar 2010. Í framhaldi af afhendingu þessara gagna féll Tollstjóri frá endurákvörðun gjalda á þær sendingar sem vörugjaldsskírteinið tekur til.

Þá tekur Tollstjóri fram að kærandi hafi hins vegar aldrei lagt fram andmæli varðandi þær athugasemdir, sem gerðar voru við tollfríðindameðferð og upprunasannanir fyrir þær sendingar, sem um ræðir í þessu máli. Í báðum tilvikum er um að ræða endurákvörðun aðflutningsgjalda, þar sem kærandi nýtti sér tollfríðindameðferð án þess að skilyrði fyrir henni væru uppfyllt.

Varðandi frekari málavexti vísast til hins kærða úrskurðar en síðan segir svo orðrétt í umsögn hans:

„Tollstjóri hefur heimild til endurákvörðunar aðflutningsgjalda af sendingum sem afgreiddar hafa verið með SMT-tollafgreiðslu sex ár aftur í tímann, sbr. 111. og 119. gr. tollalaga nr. 88/2005. SMT-tollafgreiðsla fer fram með þeim hætti að innflytjandi sendir viðkomandi Tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem honum ber að láta í té við tollafgreiðslu vara, sbr. 28. og 29. gr. tollalaga. Innflytjandi skal hafa tilhlýðilegt SMT-leyfi frá Tollstjóra og sjá alfarið um varðveislu skjalanna. Hann sér alfarið um alla tollafgreiðslu og Tollstjóri fær þá aðeins innsýn í aðflutningsskýrslu og þau gögn sem eiga að liggja henni til grundvallar skv. 28. og 29. gr. tollalaga nr. 88/2005, ef sérstaklega er kallað eftir þeim eða þau sótt til innflytjanda til endurskoðunar skv. 111 og 119. gr. tollalaga. Það er einnig vegna þessa sem sú skylda eru lögð á innflytjanda að hafa á að skipa starfsfólki með fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum varðandi tollmeðferð vara skv. 24. gr. tollalaga nr. 88/2005. Þá ber kæranda, sem innflytjanda með SMT-leyfi, skylda til varðveislu bókhaldsgagna í sex ár frá tollafgreiðsludegi, sbr. 29. gr. tollalaga.

Í 1. mgr. 32. gr. tollalaga nr. 88/2005 segir að sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskýti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu beri ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Samkvæmt þessu er það ábyrgð og skylda innflytjanda að sjá til þess að tollafgreiðsla, sem hann gengur frá fyrir sjálfan sig í gegnum SMT, sé byggð á réttum upplýsingum og þeim skjölum, sem hefðu átt að liggja fyrir við tollafgreiðslu á pappír. Til tollskjala sem eiga að liggja til grundvallar tollafgreiðslu teljast m.a. upprunasannanir, sbr. 28. gr. tollalaga nr. 88/2005. Því ber innflytjanda, sem hefur fengið leyfi til SMT-afgreiðslu, skylda til að hafa rétt tollskjöl til staðar við tollafgreiðslu. Kærandi hefur, eins og að ofan greinir, leyfi til SMT-tollafgreiðslu sem veitt var þann 20. september 1994. Um er að ræða undantekningu frá því að leggja þurfi fram aðflutningsskýrslu ásamt öllum fylgigögnum hjá Tollstjóra. Er því um að ræða mikla

hagræðingu fyrir innflytjanda sem hefur um leið í för með sér mikla ábyrgð. Samkvæmt ofangreindu ákvæði þar því kæranda sérstök skylda til að þekkja til þeirra gagna sem eiga að liggja fyrir við tollafgreiðslu skv. 28. og 29. gr. tollalaga.

Málið snýst um að kærandi nýtti sér tollfríðindameðferð skv. EES-samningnum án þess að formleg skilyrði væru uppfyllt með þeim afleiðingum að tollur var vanreiknaður. Í öðru tilvikinu lá engin upprunasönnun fyrir og í hinu uppfyllti fyrirbyggjandi upprunasönnun ekki formleg skilyrði bókanar fjögur við EES-samninginn. Í 24. gr. samningsins er kveðið á um að sönnun uppruna skuli leggja fram hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi.

Skv. a-lið 1. tl. 21. gr. bókanar 4 við EES-samninginn mega viðurkenndir útflytjendur í skilningi 22. gr. bókanarinnar ávallt gefa út yfirlýsingar um uppruna á vörureikning. Í b-lið 1. tl. 21. gr. bókanarinnar er heimild fyrir alla útflytjendur til að gefa slíka yfirlýsingu, að því tilskyldu að heildarverðmæti sendingar sé ekki meira en 6.000,00 evrur. Nafn útflytjanda þarf að koma greinilega fram á yfirlýsingu, þ.e.a.s að auk undirskriftar þarf nafnið að vera prentað, stimplað eða vélritað. Sé yfirlýsingin gerð eftir á þarf að dagsetja hana. Að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, en gildistími slíkrar yfirlýsingar er fjórir mánuðir skv. 23. gr. bókanar fjögur við EES-samninginn. Vert er að benda á að viðaukar við bókun fjögur eru hlutar hennar, og hafa því þau fyrirmæli, sem þar koma fram, gildi eins og þau ákvæði sem fram koma í bókuninni sjálfri. Upprunasannanir þurfa að vera formlega réttar, þ.e.a.s. að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í bókun fjögur við EES-samninginn. Sé upprunasönnun formlega röng, er óheimilt að leggja hana til grundvallar tollfríðindameðferðar. Eins og fram kemur í úrskurði embættisins var upprunayfirlýsing útflytjanda á reikningi sem lá til grundvallar sendingu nr. X ekki dagsett og nafn þess sem undirritar var ekki vélritað undir. Að auki skal bent á að ekkert númer viðurkennds útflytjanda skv. bókun 4 við EES-samninginn var á upprunayfirlýsingu á vörureikningi, en heildarfjárhæð vörureikningsins var EUR 15.646,72 og því yfir verðmætamörkum þeim sem heimila öllum útflytjendum að gefa yfirlýsingu um uppruna, eða EUR 6.000,00, sbr. 21. gr. bókanarinnar. Hvað varðar sendingu nr. Z, þá kemur fram í tilkynningu um fyrirhugaða endurákvörðun að það sé skilyrði tollfríðindameðferðar að fyrir liggji sönnun uppruna, þ.e. EUR-1 eða EUR MED skírteini skv. 16. gr. eða yfirlýsing um uppruna skv. 21. gr. bókanar 4 við EES-samninginn, sbr. 22. gr. bókanarinnar. Hvorki upprunaskírteini eða reikningur með upprunayfirlýsingu fylgdu þeim gögnum sem framvísað var til embættisins þegar farið var fram á það. Aðflutningsgjöld voru því ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, sem kærandi gerði sjálfur með SMT-tollafgreiðslu, þar sem formleg skilyrði bókanar fjögur við EES-samninginn voru ekki uppfyllt. Eins og áður hefur fram komið er það skilyrði að nauðsynleg fylgigögn liggja fyrir við tollafgreiðslu. Þá fór kærandi ekki fram á frest til öflunar upprunasannana, svo að telja verður að þau gögn sem nú hafa verið lögð fram séu of seint fram komin.

Skv. 111. og 119. gr. tollalaga er afleiðing rangrar tollafgreiðslu endurákvörðun aðflutningsgjalda. Endurákvörðun í máli þessu snýst þess vegna, eins og áður hefur komið fram, um að kærandi nýtti sér tollfríðindameðferð skv. EES-samningnum án þess að formleg skilyrði fyrir henni væru uppfyllt. Lögbundin skilyrði til tollfríðindameðferðar á þeim sendingum sem hér um ræðir voru ekki uppfyllt og af því leiddi að aðflutningsgjöld voru vanreiknuð.“

Að öðru leyti vísar Tollstjóri til hins kærða úrskurðar og krefst þess með hliðsjón af því sem að ofan er rakið að úrskurður embættis hans nr. 19/2011 END verði staðfestur.

IV

Ofangreind greinargerð Tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 2. desember 2011. Í svari sínu, dags. 22. desember 2011, gerir hann nánari grein fyrir kærinni ásamt því að gera athugasemdir við greinargerð Tollstjóra. Í svari kæranda segir svo orðrétt:

„Fyrirspurn frá Tollstjóra berst þann 24. september 2010 þar sem beðið er um gögn vegna innflutnings á iðnaðarvörum fyrir bakara. Ö leggur fram umbeðin gögn og fær þær útskýringar að verið væri að skoða tollflokkun á súkkulaði og marsipani. Þann 24. ágúst 2011 berst tilkynning um að fyrirhugaða endurákvörðun frá Tollstjóra. Þegar Ö barst tilkynningin var ítrekað reynt að ná sambandi við [Stafsman Tollstjóra] tollaendurskoðanda sem undirritaði tilkynninguna, til að andmæla. Ástæða andmælanna var að útskýra að flestar vörur tengdar þessari endurákvörðun væru vörur sem eru undanþegnar vörugjöldum vegna þess að þær eru seldar til notkunar í iðnaðarframleiðslu. [Stafsmaður Tollstjóra] var í veikindafríi á þessum tíma og var tekin sú ákvörðun að bíða með málið þangað til að hún hefði tíma til að skoða þetta og fella þau mál niður sem voru með undanþágu. Um miðjan september hefur Ö samband við [Stafsman Tollstjóra] hjá Tollstjóra og upplýsir hann um að við höfum ekki getað náð í [Stafsman Tollstjóra] og í framhaldi fáum við samband við [Stafsman Tollstjóra] og óskum eftir fresti á málinu. Ö fær frest til 28. september 2011. Við náum loksins sambandi við [Stafsman Tollstjóra] þann 27. september 2011 og hún samþykkir að skoða málið út frá því að megnið af þessum gjöldum sé Ö með undanþágu á, þannig að mikill tímasparnaður felist í því að taka þau til hliðar því að við myndum hvort sem er sækja um endurgreiðslu á þeim. [Stafsmaður Tollstjóra] óskar eftir afritum af vörugjaldskírteinum okkar og við förum í að finna þau. Það tekur nokkra daga og sækjum því um frest á málinu til 30. september 2011 og fáum frest til 7. október. Vörugjaldsskírteinin eru send til [Stafsmanns Tollstjóra] þann 6. október og hún samþykkir að taka þetta til skoðunar.

Ö fær svo bréf frá Tollstjóra dagsett 20. október 2011 og er það úrskurður frá [Stafsmönnum Tollstjóra] þar eru 4 mál niðurfelld en 7 mál fá úrskurð um endurreiknuð gjöld og dráttarvexti. Við ákveðum að kæra aðeins 2 mál og leggja til gögn okkur til stuðnings en þessi mál tengjast ekki tollflokkun heldur lögmæti gagna í upprunamálum. Við leggjum fram Eur 1 skírteini fyrir báðar sendingar sem eru löggildir pappírar. Þessi gögn eru send að undirrituðum til Tollstjóra þann 25. október.

Þann 1. desember berst Ö bréf frá Tollstjóra og meðfylgjandi er umsögn frá Tollstjóra að hann taki innsend gögn ekki gild.

Í bréfi þessu er tekið fram að við höfum ekki sótt um frest vegna upprunasannana en við sóttum um frest á málinu þannig við teljum að þau rök eigi ekki við. Við tókum fram í tölvusamskiptum við Tollstjóra að við værum að sækja um frest á máli 201009-0155 en ekki að við værum að sækja um frest eingöngu vegna vörugjaldsmála. Tollstjóri féllst á þann frest og því fær ekki staðist sú fullyrðing er fram kemur í bréfi Tollstjóra að þau gögn sem Ö lagði fyrir hann varðandi uppruna vörunnar séu of seint fram komin. Í bréfi frá tollstjóra er tekið fram mikilvægi þekkingar starfsfólks á tollmeðferðarmálum en Ö hefur á að skipa reynslumiklu starfsfólki með áratuga

þekkingu á tollamálum. Auk þess fylgir Ö lögum og reglum um varðveislu gagna enda með reynslumikið starfsfólk í öllum deildum.

Umræddar tollskýrslur sem við kærðum úrskurð á eru með sendingarnúmerið E SEL 05 10 9 NL RTM W141 (SEMT) og W SEL 08 09 0 GB IMM W199 (Kessko). Við lögðum fram andmæli dagsett 25. október og lögðum fram EUR 1 skírteini nr. E4672730 og A 960391 sem ekki er tekið tillit til í endurákvörðuninni. Það kemur fram í bréfi Tollstjóra að Euro skírteinin hafi ekki komið nógu snemma fram og því þurfi ekki að taka tillit til þeirra en þegar ósk um að afla gagna vegna þessara mála þá fengum við þær upplýsingar að það væri verið að skoða tollflokkun á iðnaðarvöru fyrir bakarí og var það yfirsjón að senda ekki þessi gögn með. Við leggjum þau fram í kærinni og teljum að það eigi að taka tillit til þeirra í þessu máli.“

V

Í máli þessu er deilt um hvort kærandi eigi rétt á tollfríðindameðferð samkvæmt EES-samningnum. Að mati Tollstjóra voru aðflutningsgjöld þeirra tveggja sendinga, sem um ræðir í þessu máli, ekki rétt ákvörðuð við SMT-tollafgreiðslu kæranda sjálfs, þar sem formleg skilyrði bókanar 4 við EES-samninginn hafi ekki verið uppfyllt við tollafgreiðsluna. Þessu mótmælir kærandi á hinn bóginn og vísar í því sambandi til Eur1-skírteina, sem hann lagði fram eftir að Tollstjóri kvað upp úrskurð sinn. Tollstjóri heldur því á hinn bóginn fram að kærandi hafi ekki farið fram á frest til öflunar upprunasannana og lítur því svo á að þau gögn um uppruna varanna, sem nú hafa verið lögð fram, séu of seint fram komin. Þessu álitu tollstjóra mótmælir kærandi og bendir á að af tölvuskeytum milli hans og Tollstjóra, sem hann hefur lagt fyrir ríkistollanefnd, megi ráða að verið var að sækja um frest í máli X en ekki eingöngu frest til þess að leggja fram vörugjaldsskírteini.

Varðandi það álitamál hvort kærandi óskaði eftir fresti til öflunar upprunasönnunar er þess að geta að bréf Tollstjóra til kæranda frá 24. ágúst 2011 um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda er með málsnúmerinu X. Í efnislýsingu tölvuskeytis, sem starfsmaður kæranda sendi starfsmanni Tollstjóra 14. september 2011, er farið fram á frest í máli nr. X, í svari starfsmanns Tollstjóra sama dag er umbeðinn frestur veittur til 28. september s.á. Þessi frestur var síðan lengdur með tölvuskeyti starfsmanns tollstjóra til 7. október s.á. Í efnislýsingu skeytisins er tilvísun í áður greint mál nr. X. Með hliðsjón af þessu verður að fallast á það með kæranda að frestbeiðni hans hafi lotið að öllum athugasemdum Tollstjóra við sendingarnar, sem tilvitnað bréf embættis hans frá 24. ágúst 2011, fjallar um. Á hinn bóginn hafa ekki verið lögð fram nein gögn um að veittur hafi verið lengri frestur til afhendingar gagna en til 7. október 2011.

Í 1. mgr. 32. gr. tollalaga nr. 88/2005 er kveðið skýrt á um að það sé á ábyrgð innflytjanda, sem heimild hefur til SMT-tollafgreiðslu, að þær upplýsingar, sem eru veittar við tollafgreiðsluna, þ. á m. upprunasannanir, séu réttar. Kæranda, sem stundar umfangsmikla innflutningsstarfsemi og hefur haft leyfi til SMT-tollafgreiðslna um árabíl, má því vera ljóst hvaða kröfur eru gerðar í þessu sambandi. Nægir í því sambandi að benda á skyldur hans skv. 28. og 29. gr. tollalaga nr. 88/2005. Tollstjóri gerði í bréfi sínu frá 24. ágúst 2011 athugasemdir við tólf vörusendingar. Meðal annarra athugasemda er í bréfinu gerð skýr grein fyrir því að annars vegar hafi upprunasönnun ekki legið fyrir við tollafgreiðslu sendingarinnar X og hins vegar að fyrirbyggjandi gögn um sönnun uppruna við tollafgreiðslu sendingarinnar Z hafi ekki uppfyllt formkröfur a- og b- liðar 21. gr. bókanar 4 við EES-samninginn. Kærandi fékk rúman frest til þess að bregðast við þeim en af einhverjum ástæðum fórst fyrir af hans hálfu að andmæla þessum tilteknu athugasemdum með því að leggja fram upprunasannanir áður en Tollstjóri kvað upp úrskurð sinn. Er sá dráttur

aðfinnsluverður að mati ríkistollanefndar enda athugasemdir Tollstjóra varðandi ofangreindar sendingar skýrar.

Þó að sá dráttur, sem varð á því að skila Tollstjóra umræddum tveimur Eur-1 skírteinum, sé aðfinnsluverður er til þess að líta að hvorki hefur í máli þessu verið dregið í efa að gögn þessi séu fullgild sem slík né að þau hafi legið fyrir á þeim tíma, sem tollafgreiðslan fór fram. Kærandi hefur m.a. staðfest við ríkistollanefnd að umrædd skírteini hafi allan tímann legið fyrir í gögnum málsins en vegna misskilnings um eðli athugasemda Tollstjóra hafi honum láðst að leggja þau fram áður en Tollstjóri kvað upp úrskurð sinn. Um leið og hann gerði sér ljóst í hverju yfirsjón hans fólst afhenti hann Tollstjóra umrædd gögn tafarlaust með kæru þessari.

Þegar það sem að framan segir er virt og hliðsjón höfð bæði af 116. gr. tollalaga nr. 88/2005 um leiðréttingar á aðflutningsskýrslum eftir tollafgreiðslu, meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga og úrskurði ríkistollanefndar nr. 6/2011 frá 11. október 2012 fellst ríkistollanefnd á kröfu kæranda um að tekið verði tillit til Eur1-skírteina, sem fylgdu vörusendingu nr. X og sendingu nr. Z, við ákvörðun aðflutningsgjalda af þeim.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan

ÚRSKURÐ:

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 19/2011 END felldur úr gildi. Fallast ber á kröfu kæranda um að aðflutningsgjöld vegna innflutnings sendingar nr. X og sendingar nr. Z skuli leiðrétt í samræmi við Eur1- skírteini nr. E, dags. 28. 09. 2009 og Eur1- skírteini nr. A, dags. 21. 09. 2009.